

## Endurheimt staðargróðurs – meira en uppgræðsla

*Ása L. Aradóttir, Prófessor  
Landbúnaðarháskóla Íslands  
Keldnaholti  
[asa@lbhi.is](mailto:asa@lbhi.is)*

*Kristinn H. Þorsteinsson, Deildarstjóri Garðyrkjudéildar  
Orkuveita Reykjavíkur  
Rafstöðvarvegi  
[kristinn.thorsteinsson@or.is](mailto:kristinn.thorsteinsson@or.is)*

Um allan heim er vaxandi áhersla á að endurheimta staðargróður á svæðum sem raskað er vegna framkvæmda þannig að gróðurfar þeirra falli sem best að umhverfinu. Með því má draga úr ýmsum óæskilegum umhverfisáhrifum, auk þess sem náttúrulegur gróður þarfnast oft minni umhirðu en ræktuð svæði sem þarf að slá og snyrta. Ýmsar leiðir eru mögulegar til að endurheimta staðargróður, svo sem að nýta sjálfræðslu, gróðursetning og sáning innlendra tegunda, flutningur á gróðurtorfum, flutningur á fræberandi slægju og nýting á svarðlagi. Í erindinu verður rætt um möguleika og takmarkanir mismunandi aðferða við að endurheimta staðargróður, sýnd dæmi og sagt frá niðurstöðum rannsókna á þessu sviði. Einnig verður fjallað um framboð á efniviði af innlendum tegundum og möguleika til að auka það.